

6. gr.

78

Brot móti samþykkt þessari varða sektum frá 5—50 krónum, er renni í 28. okt. sveitarsjóð Svínavatnshrepps.

7. gr.

Með brot gegn samþykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. desember 1922 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. okt. 1922.

Kl. Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Auglýsing

79

15. nóv.

um

breyting á konungsúrskurði 12. febr. 1917, um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands, sbr. konungsúrskurð 9. desbr. 1921.

Samkvæmt 1. gr. laga, 2. janúar 1917, um breytingu á lögum nr. 17, 3. október 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og eftir þegnlegum tillögum forsætisráðherrans, hefir Hans hátign konunginum, 6. þ. m., allramildilegast þóknast að ákveða þá breyting á konungsúrskurði 12. febrúar 1917, um skifting mála milli deilda stjórnarráðs Íslands, sbr. konungsúrskurð 9. desbr. 1921, að forsætisráðherra undirskrifi með konungi skipunarbrjef fyrir hinum æðstu embættum, svo sem hæstarjettardómara, biskups, landlæknis, síma-
stjóra, og undirriti enn fremur skipunarbrjef fyrir bankastjórastöðunum, bæði í Landsbankanum og Íslandsbanka.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðherrann, 15. nóvbr. 1922.

Sig. Eggerz.

Sigfús M. Johnsen.